

(Stj.tíð. 1879, B. bls. 1), virðist það liggja í augum uppi, að húsaskatt beri að greiða **141**
af optnefndu íbúðarhúsi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar á Geirseyri. 10. sept.

Að því leyti, sem framannefndur kaupmaður loks hefir tekið það fram, að húsið sje veðsett (og að hann því ekki eigi að greiða skatt af því), þá hafið þjer skýrt svo frá, að veðsetning þessi sje óákveðin, þar sem hann hafi veðsett húsið og verzlunarskip sitt etatsráði I. P. T. Bryde fyrir því, sem Markús kunnir að skulda honum, allt að 16000 krónur, og getur slík veðsetning eigi orðið tekin til greina, þannig að húsið leysist undan skattgjaldi.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um toll af vinföngum, sem talin eru vistaforði — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. júlí þ. á., **142**
10. sept.

hafið þjer, herra sýslumaður, látið mjer í tje umsögn yðar um erindi Markúsar kaupmanns Snæbjarnarsonar í tilefni af því, að hann hafi orðið að greiða toll af vinföngum, sem flutt hafi verið með skipi hans Guðrúnu sem vistir. Skýrið þjer svo frá, að tildrög þessarar umkvörtunar nefnds kaupmanns um tollheimtuna sjeu þau, að hann árið 1894 hafi flutt sem vistir með nefndu skipi, eins og hann segist áður hafa verið vanur, tvær tunnur af brennivíni, svo stórar að þær rúmuðu eptir því sem tollskráin telur 378 potta, og þetta hafi átt að vera skipsforði handa 5 manns. Hinn umbóðslegi endurskoðandi gjörði um þetta at-riði athugasemd við tollreikninginn 1894, og eptir að þjer í svari yðar höfðu gefið upplýsingar um ferðir skipsins það ár, og hve margir hefðu verið á því, var með úrskurði mínum um athugasemdina ákveðið að toll skyldi innheimta af því, sem um fram væri 120 potta af vistaforðanum.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir framannefndum kaupmanni, að umgetinn úrskurður skuli standa óhaggður og að framvegis skuli farið, eins og hingað til, eptir reglum þeim, er settar eru í ráðgjafabrjefi frá 1. marz 1883, þegar um tollskyldar vörur er að ræða, er talið er að »hafðar sjeu með ferðis handa skipverjum sjálfum« (sjá tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.).

Reikningur

143

yfir

tekjur og gjöld bókasafns Austuramtsins 1896.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.	kr. 399,48
2. Styrkur úr landssjóði	— 200,00
3. Styrkur úr jafnaðarsjóði amtsins	— 500,00

Flyt kr. 1099.48

143

	Fluttar	kr. 1099,48
4. Tillög frá notendum safnsins	—	28,00
5. Aðrar tekjur	—	13,50
		<u>kr. 1140,98</u>

Gjöld.

1. Til bókakaupa og bókbands	kr. 473,10
2. Kostnaður við bókaskrá og auglýsingar	— 56,20
3. Laun bókavarðar	— 50,00
4. Húsaleiga, váttryggingargjald o. fl.	— 55,80
5. Sjóður við árslok	— 505,88
	<u>kr. 1140,98</u>

Íslands Norður- og Austuramt. Akureyri 23. júlí 1897.

Páll Briem.

Embættisskipun.

28. ágúst var *yfirrjettarmálaráðgjafi* *Gíslí Ísleifsson* af landshöfðingja settur sýslumaður í Húnavatnssýslu á eigin ábyrgð frá 1. septbr. 1897 að telja.

Heiðursmerki.

23. júní var landlækni *dr. med. J. Jónassen* allramildlegast veitt leyfi til að bera heiðursmerki það, er forseti hins frakkneska þjóðveldis hafði látið honum í tje sem riddara af heiðursfylkingunni.

Heiðursgjafir.

31. ágúst veitti landshöfðingi bændunum *Stefáni Bjarnasyni* í Hvítanesi í Borgarfjarðarsýslu og *Kristjáni Jónssyni* á Hliðsnesi í Gullbringusýslu heiðursgjöf af styrktarsjóði Kristjáns konungs hins níunda, 140 krónur hvorum, fyrir framúrskarandi dugnað og framkvæmdir í jarðabótum.